

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2022

2022/EES/42/31

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stj. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stj. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stj. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53, og Stj. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð (ESB) 2018/848 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 834/2007 ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 54b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 R 0848**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stj. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stj. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stj. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stj. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53, og Stj. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47, breytt með:

- **32020 R 1693**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 (Stj. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stj. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1.

⁽³⁾ Stj. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

- a) Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki að því er varðar plöntuheilbrigði í EFTA-ríkjunum.
- b) Tilvísanir í viðmið sem er að finna í reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1305/2013 og reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1380/2013, að því er varðar EFTA-ríkin, ber að skilja sem tilvísanir í viðmið sem koma fram í landslögum EFTA-ríkjanna.
- c) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að kerfunum sem lýst er í 1. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 51. gr.
- d) Eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „viðskiptasamningi“ í ii-lið b-liðar 1. mgr. 45. gr.:
„eða, að því er varðar EFTA-ríkin, ákvarðanir EFTA-ríkjanna sem teknar eru í samræmi við 2. mgr. 47. gr.“.
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 47. gr.:
„Þegar Sambandið hefur viðurkennt þriðja land í samræmi við þetta ákvæði, skal það tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna. EFTA-ríkin skulu, innan 30 daga frá því að tilkynningin berst, taka ákvörðun um viðurkenningu á jafngildi þriðja lands og þau skilyrði fyrir vörurnar sem tilgreind eru í tilkynningu Sambandsins. Upplýsa skal sameiginlegu EES-nefndina um þessar ákvarðanir og skal hún með reglubundnu millibili birta lista yfir slíkar ákvarðanir í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.“.
- f) Eftirfarandi er bætt við á eftir orðunum „1. janúar 2022“ í 60. gr.:
„eða, að því er varðar EFTA-ríkin, á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022 frá 4. febrúar 2022,“.
- g) Í 1. mgr. 1.5. liðar I. hluta II. viðauka er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „2017“:
„og á svæðum sem hafa verið vottuð sem lífræn með tilliti til þessarar notkunar fyrir 14. júní 2018 í EFTA-ríkjunum,“.
- h) Eftirfarandi er bætt við töfluna í IV. viðauka:
„IS: lífrænt.
NO: økologisk.”’

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2019/848, sbr. leiðréttingar í Stjttíð. ESB L 270, 29.10.2018, bls. 37, Stjttíð. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 59, Stjttíð. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 53, og Stjttíð. ESB L 204, 10.6.2021, bls. 47, og (ESB) 2020/1693, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.